

AUGLÝSING um skipulagsmál í Norðurþingi.

Deiliskipulag sorpurðunarsvæðis í Laugardal.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 19. nóvember 2013 var samþykkt tillaga skipulags- og bygg- ingarnefndar Norðurþings að deiliskipulagi sorpurðunarstaðar við Húsavík. Deiliskipulagið nær til 6,7 ha svæðis norðanvert í Laugardal til samræmis við afmörkun í aðalskipulagi Norðurþings 2010- 2030. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði urðuð allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi árlega. Skipulagstillagan ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu eru sett fram á einu blaði í blaðstærð A2.

Ekki barst athugasemd við skipulagstillöguna á kynningartíma og var skipulagið samþykkt óbreytt frá kynningu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Deiliskipulag kvíaeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.

Á fundi bæjarráðs Norðurþings 27. júní 2013 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingar- nefndar Norðurþings að deiliskipulagi kvíaeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi. Deiliskipulagið nær til 175 ha svæðis, sem að mestu er vatnsflötur lónsins. Skilgreindur er byggingarréttur fyrir aðskildu iðnaðarsvæðin tvö við lónið sem ákvörðuð eru í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Í skipulagstillöggunni er afmarkað svæði fyrir eldiskvíar úti á lóninu.

Ekki barst athugasemd við skipulagstillöguna á kynningartíma og var skipulagið samþykkt óbreytt frá kynningu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Húsavík, 9. desember 2013.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2013